


10. nóvember 2022



Afmarkaðar breytingar í aðalnámskrá leikskóla er snúa að börnum með annað móðurmál en íslensku og fjöltyngdum börnum

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Ferlið og markmið

Menntamálastofnun var falið að vinna tillögur að breytingum á aðalnámskrá leikskóla í samstarfi við hagsmunaaðila með það að markmiði að tryggja börnum með annað móðurmál en íslensku og öðrum fjöltyngdum börnum betri menntun sem undirbýr þau undir önnur skólastig og virka þátttöku í samfélaginu.



Samráð

Leitað var til eftirfarandi hagsmunaaðila um samráð:

- Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í leikskólum, Grunns -félags fræðslustjóra, Heimilis og skóla, samtakanna Móðurmál, Sambands íslenskra sveitarfélaga og valdra sérfræðinga innan leikskólakennaramenntunar HÍ og HA.

Umsagnir bárust frá:

- Samtökunum Móðurmál, Félagi leikskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveimur hópum sérfræðinga af Menntavísindasviði HÍ.



Samráðsgátt stjórnvalda

Tillaga að breytingu var birt í samráðsgátt stjórnvalda 3.-19. febrúar 2021

Umsagnir bárust frá Barnaheillum, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar og Öryrkjabandalagi Íslands.



Helstu efnisatriði í umsögnum

- Skrifa ávallt fjölbreytt tungumál og menning í stað mismunandi tungumál og menning.
- Nauðsyn þess að það ríki gagnkvæmur skilningur foreldra og leikskóla á námi og velferð leikskólabarna svo nám og vellíðan barnsins séu sem allra best samtengd.
- Mikilvægi þess að mæta hverju og einu barni út frá mismunandi menningarbakgrunni en leggja ætíð aðaláherslu á það sem börn eiga sameiginlegt frekar en það sem greinir þau í sundur.
- Mikilvægi þess við gerð aðalnámskrár séu alþjóða samningar, svo sem Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, ávallt hafðir til grundvallar.
- Námsumhverfi leikskóla þurfi að henta öllum börnum.
- Nauðsyn þess að auka fræðslu til starfsmenn leikskóla um fjölmenningu
- Gera þurfi breytingar á kafla 2 um grunnþætti menntunar fyrir öll skólastigin frá leikskóla til grunnskóla



Niðurstaða:

Fjölbreytt tungumál og menning verður notað stað mismunandi tungumál og menning.

Aðeins eru gerðar breytingar að þessu sinni á köflum **5, 7, 9 og 11**. Breytingar á kafla 2 verða gerðar samhliða fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla.

Alþjóðasamningar eru ávallt hafðir til hliðsjónar við stefnumótun.

Fræðsla til starfsmanna leikskóla fer fram m.a. í gegnum **Menntafléttu**

Með breytingunum er talið að tekið sé tillit til annarra athugasemda svo sem um gagnkvæman skilning foreldra og leikskóla á námi og velferð leikskólabarna, að mæta hverju barni á forsendum þess en leggja áherslu á það sem börn eiga sameiginlegt og að námsumhverfi leikskóla henti öllum börnum



Yfirlit yfir þær breytingar sem gerðar verða á aðalnámskrá leikskóla 2011 og taka gildi 1. ágúst 2021

Blaðsíðutal miðast við
prentaða útgáfu 2012



Leiðarljós leikskóla punktur 6 bls. 33

Var:

Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og **öðrum** menningarheimum.

Verður:

Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og **fjölbreyttum** menningarheimum.



Leiðarljós leikskóla punktur 9 bls. 33

Var:

Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans

Verður:

Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans **ásamt leiðum til að afla upplýsinga frá foreldrum um stöðu barnsins.**



Leiðarljós leikskóla punktur 22 bls. 34

Var:

Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið

Verður:

Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í **leik og** daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið .



Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að: bls. 38

Tveir nýir punktar bætast við:

leggja grunn að íslenskunámi barnanna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla tungumálafærni sína í daglegu starfi og leik,

bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í daglegu starfi



9.1 Læsi og samskipti bls. 42.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau læra tungumál í samskiptum við fjölskyldu og aðra umönnunaraðila og sum læra fleiri en eitt. Tungumálafærni er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í daglegu starfi. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Máltaka þeirra þróast í nokkrum þrepum eða áföngum og einstaklingsmunur er á því hversu fljót börn eru að öðlast skilning og færni til að tjá sig á móðurmáli sínu en ekki síður á nýju tungumáli. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Mikilvægt er að öll börn nái tökum á íslenskri tungu svo þau hafi betri forsendur til þess að taka þátt í leik og daglegu starfi sem getur skipt sköpum fyrir námsárangur þeirra, svo lengi sem þau ganga í skóla hér á landi. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.



Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að: punktur 10 bls. 43

Var:

velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Verður:

velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu sem og menningu og samfélagi annarra.



Fjölskyldan og leikskólinn bls.48

Var:

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. ...

Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Verður:

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. ...

Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir reynslu, viðhorfum, gildum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.



Fjölskyldan og leikskólinn bls. 48

Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki ber að leitast við að ná til foreldra allra barna. Þegar börn með annað móðurmál en íslensku hefja leikskólagöngu þarf að eiga samtali við foreldra um stöðu þeirra í móðurmáli og íslensku. Huga þarf að málörvun og að gefa þeim verkfæri til samskipta og félagslegrar þátttöku.



Fjölskyldan og leikskólinn bls. 49

Í reglubundnum samtölum foreldra og leikskólakennara gefast tækifæri á markvissum samræðum um líðan, nám og þroska barns heima og í leikskólanum. Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu. **Bera á virðingu fyrir fjölbreyttum bakgrunni barna og hvetja foreldra fjöltyngdra barna til að viðhalda móðurmálinu. Styðja þarf öll börn til framfara í íslensku og fræða foreldra um málþroska og læsi.**



VIÐAUKI - YFIRLIT YFIR REGLUGERÐIR 2021 SEM BYGGJA Á LÖGUM UM LEIKSKÓLA, NR. 90/2008 bls. 56

Reglugerð:

nr. 242/2009 um
Sprotasjóð leik-, grunn-
og framhaldsskóla,

nr. 655/2009 um
starfsumhverfi leikskóla,

nr. 970/2019 um
breytingu á reglugerð
um starfsumhverfi
leikskóla,

nr. 893/2009 um mat og
eftirlit í leikskólum og
upplýsingaskyldu
sveitarstjórna um
skólahlald,

nr. 896/2009 um skil og
miðlun upplýsinga milli
leik- og grunnskóla,

Nr. 856/2011 um
breytingu á reglugerð
um skil og miðlun
upplýsinga milli leik- og
grunnskóla,

nr. 444/2019 um
skólaþjónustu
sveitarfélaga við leik- og
grunnskóla og
nemendaverndarráð í
grunnskólum.



Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Hæfnirammarnir:

- Eru uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku.
- Lýsa þróun á þeim færniþáttum við tileinkun annars tungumáls sem brýnt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná í íslensku.
- Auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku.

Börn á leikskólaaldri eru á máltökuskeiði og geta náð góðri færni í íslensku með réttum stuðningi og málörvun.

https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnirammur_isl_fjoltyngd_4_-_leikskoli.pdf



Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla og frístundastarfi

- Byggir á lögum, stefnum og rannsóknum, en einnig reynslu og hugmyndum frá fagfólki og vettvangi.
- Fjallar um mikilvægi þess að styðja við virkt fjöltyngi barna og ungmenna í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi og framhaldsskóla, byggja upp samstarf við foreldra og efla samskipti við börn í daglegu starfi.
- Inniheldur ráð, leiðbeiningar og gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra, skóla og frístundastarf.
- Skilgreiningar hugtaka auðvelda sameiginlegan skilning á viðfangsefninu

[Stjórnarráðið | Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi \(stjornarradid.is\)](https://stjornarradid.is)